



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Starfsáætlanir leikskóla fyrir skólaárið 2023-2024**

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 er það verkefni skólanefndar að staðfesta starfsáætlanir leikskóla. Þann 20. nóvember 2023 höfðu eftirfarandi leikskólar í Reykjavík skilað inn fullnægjandi starfsáætlunum.

- **Leikskólar Reykjavíkurborgar:**  
Austurborg, Álftaborg, Árborg, Bakkaborg, Bjartahlíð, Blásalir, Borg, Brákarborg, Brekkuborg, Drafnarsteinn, Engjaborg, Fífuborg, Funaborg, Furuskógur, Garðaborg, Geislabaugur, Grandaborg, Grænaborg, Gullborg, Hagaborg, Hamrar, Hálsaskógur, Heiðaborg, Hlíð, Hof, Holt, Hólaborg, Hraunborg, Hulduheimar, Jöklaborg, Jörfi, Klambrar, Klettaborg, Kvistaborg, Langholt, Laufskálar, Laugasól, Lyngheimar, Maríuborg, Miðborg, Múlaborg, Nóaborg, Rauðaborg, Rauðhóll, Reynisholt, Rofaborg, Seljaborg-Seljakot, Sólborg, Stakkaborg, Steinahlíð, Suðurborg, Sunnuás, Sunnufold, Sæborg, Tjörn, Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu, Vesturborg, Vinagerði, Ægisborg, Ævintýraborg Eggertsgötu, Ævintýraborg Nauthólsvegi, Ævintýraborg Vogabyggð og Ösp.
- **Sameinaðir leik- og grunnskólar:**  
Dalskóli, Klébergsskóli (leikskólinn Berg) og Ártúnsskóli.
- **Sjálfstætt reknir leikskólar:**  
Askja, Barnaheimilið Ós, Fossakot og Korpukot, Krílasel, Laufásborg, Lundur, Mánagarður, Regnboginn, Skerjagarður, Sólgarður, Ungbarnaleikskólinn Ársól, Vinagarður, Vinaminni og Waldorfleikskólinn Sólstafir.

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 á foreldraráð hvers leikskóla að gefa umsögn um áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Gengið er markvisst eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af fagstjórum leikskóla í borgarmiðstöðvum með hliðsjón af viðmiðum skóla- og frístundasviðs. Leikskólastjórar fá umsögn um starfsáætlunina senda og geta stuðst við hana við endurskoðun starfsáætlana fyrir næsta skólaár.